

Mál nr. 89/2015
M
og váttryggingafélagið V v/ sjúklingatryggingar læknisins L.

Gildissvið sjúklingatryggingar m.t.t. lækni aðgerðar 4. febrúar 2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið 27. febrúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 21. mars 2015 ásamt læknisvottorði L dags. 11. janúar 2011.
3. Bréf lögmanns M dags. 25. mars 2015.

Málsatvik.

Í málinu kemur fram að M varð upphaflega fyrir líkamstjóni við slys þann 12. október 2008 þegar hún sparkaði í einhvern hlut og fann fyrir einkennum í rist. M leitaði til lækna vegna þessara einkenna og var metin til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku vegna þessa líkamstjóns á árinu 2009 og aftur á árinu 2011. M var vísað til L af heimilislækni sínum á árinu 2010 og framkvæmdi hann tvær aðgerðir á fæti M, í október 2010 og 4. febrúar 2011.

M telur að við seinni aðgerð L í febrúar 2011 hafi hún orðið fyrir frekara tjóni en leiða má af slysi því sem hún leitaði lækninga vegna og varð á árinu 2008. M vísar fyrst og fremst til álits sérfræðings í bæklunarlækningum ár árinu 2013 sem telur að „eitthvað hafi farið úrskeiðis“ í aðgerð sem L framkvæmdi í febrúar 2011 og vísað er til þess að taugamælingar sem gerðar hafi verið fyrir aðgerð, á árinu 2009 og 2. febrúar 2011 hafi verið eðlilegar en ekki mæling sem gerð hafi verið eftir aðgerð eða þann 7. júlí 2011. M telur að skilyrði bæði 1. og 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 séu uppfyllt og m.t.t. vægra sönnunarkragna í lögunum hafi stofnast bótaskylda úr sjúklingatryggingu L hjá V vegna afleiðinga aðgerðarinnar í febrúar 2011.

V rekur sjúkrasögu M vegna þess líkamstjóns sem hún varð fyrir á árinu 2008 og afleiðingar þess og þau einkenni sem skráð eru í læknisvottorðum sem liggja fyrir í málinu. V bendir á að M hafi haft þónokkur einkenni þegar hún leitaði fyrst til L og áður en sú aðgerð, sem hér er ágreiningur um, hafi verið framkvæmd hafi M haft nokkra verki í rist. V vísar einnig til þess að áður en taugamæling var gerð í júlí 2011, þar sem niðurstöður bentu til ofurnæmi og óeðlilegrar sársaukasvörunar á ristinni, hafi heimilislæknir M á árinu 2009 komist að svipaðri niðurstöðu, þ.e. að auk tognunar á rist hafi M hlotið skaða á húðtaug sem hafi sambærileg einkenni og lýst er í taugamælingu í júlí 2011. Einnig vísar V til mats matsmanna um að M hafi hlotið umræddan skaða á húðtaug strax við slysið 2008 og hafi afleiðingar þess verið metnar í matsgerðum. Af þeim ástæðum telur V ekki sýnt að þau einkenni sem M lýsir nú séu rakin til annars en upphaflegs áverka og ósannað að orsakatengsl séu milli þeirra og lækni aðgerðar þeirrar sem M gekkst undir hjá L í febrúar 2011.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort skilyrði 2. gr. laga um sjúklingatryggingu séu uppfyllt í tengslum við þá meðferð og greiningu sem M fékk sem sjúklingur hjá L þann 4. febrúar 2011. Í lögum nr. 111/2000 eru bótareglur tilgreindar í 1.-4.tl. 2. gr. laganna en sönnunarkröfur eru vægari en almennt í skaðabótarétti. Það þarf þó að liggja fyrir að tjón sé að öllum líkindum hægt að rekja til einhverra atvika sem koma fram í fyrrgreindum bótareglum 1.-4.tl. 2. gr. laganna.

Í þessu máli reynir fyrst og fremst á hvort að öllum líkindum megi rekja tjón M til þess að rannsókn eða meðferð hefði mátt framkvæma með öðrum hætti en gert var eða mat sem síðar er gert hafi leitt í ljós að komast hefði mátt hjá tjóni með annarri meðferðaraðferð en gert var en hefði gert sama gagn við meðferð sjúklings. Einnig hvort orðið hafi fylgikvillar af aðgerð hjá L og

þeir séu þess eðlis að ósanngjarnt sé að M þoli þá bótalaust Þrátt fyrir vægari sönnunarkröfur í lögum um sjúklingatryggingu en almennt í skaðabótarétti ber M sönnunarbyrði um að umrædd skilyrði 1. og/eða 4. tl. 2. gr. laganna séu uppfyllt. Það sönnunargagn sem M vísar helst til er læknisvottorð sérfræðings sem telur að „eitthvað hafi farið úrskeiðs“ við læknisaðgerð þá sem L framkvæmdi í febrúar 2011. Af gögnum málsins verður ekki frekar ráðið hvað þetta „eitthvað“ er nákvæmlega en ályktun dregin af taugamælingum að áverki hafi þá komið á taug í fæti M. Í öðrum læknisvottorðum og matsgerðum sem liggja fyrir er gert ráð fyrir að hluti áverka M vegna slyssins á árinu 2008 hafi verið taugaskaði og einkennum hans lýst og þau metin. Verður með hliðsjón af því ekki talið nægilega ljóst að M hafi hlotið einhver viðbótareinkenni eftir aðgerð hjá L í byrjun febrúar 2011 eða að þær aðstæður séu uppi að að öllum líkindum megi rekja einhver slík einkenni til meðferðar eða vanhöld á meðferð hjá L. Að sama skapi teljast ekki líkindi til þess að M hafi hlotið fylgikvilla í skilningi 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu. Af þessu verður því ekki ráðið að meðferð M hjá L hafi verið með þeim hætti að skilyrði 1., 4. eða annarra töluliða 2.gr. laga um sjúklingatryggingu teljist uppfyllt. Verður því ekki fallist á að M hafi sýnt fram á að hún eigi rétt á bótum úr sjúklingatryggingu L hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu L hjá V.

Reykjavík 30. apríl 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.